

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 1. júní 2023
Málsnúmer: DSS202305-0189/0.09

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (frásögn af skýrslutöku), 923. mál.

Dómstólasýslan tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Dómarafélags Íslands um frumvarpið, dags. 30. maí 2023.

Eins og fram kemur í greinargerð með framangreindu frumvarpi er viðurkennt að takmarka þurfi aðgengi almennings að upplýsingum ef hagsmunir aðila eða hætta á sakarspjöllum krefjast þess. Þær takmarkanir á fréttáflutningi sem felast í gildandi ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/2008 byggja slíkum réttaröryggissjónarmiðum

Að mati dómstólasýslunnar myndu þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á framangreindum ákvæðum leiða til þess að ekki verður unnt að koma í veg fyrir að frumburður vitnis í dómsmáli mengist af framburði annarra vitna sem þegar hafa borið vitni. Þar með yrðu þau réttaröryggissjónarmið sem ákvæðin hvíla á fyrir borð borin.

Með vísan til framangreinds leggst dómstólasýslan gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri